

Nd.

434. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Á eftir „kjördæmi og kjörstjórnir“ komi ný grein, er verði 7. grein svohljóðandi:

Sú breyting verði á nügildandi kjördæmaskipun, sem hjer segir:

Reykjavíkurborg kjósi 3 af alþingismönnum, þeim er kosnir skulu óhlutbundnum kosningum.

Seyðisfjarðarkaupstaður, ásamt Seyðisfjarðarhreppi, Loðmundarfjarðarhreppi, Borgarfjarðarhreppi og Hjaltastaðahreppi, verði kjördæmi út af fyrir sig og kjósi 1 alþingismann.

Norður-Múlasýsla, að undanskildum Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar og Hjaltastaðahreppi, verði kjördæmi út af fyrir sig og kjósi 1 alþingismann.

Til vara:

Í stað kaflans í framangreindri tillögu: »Seyðisfjarðarkaupstaður, ásamt« og út greinina komi:

Seyðisfjarðarkaupstaður, ásamt Seyðisfjarðarhreppi, Loðmundarfjarðarhreppi og Borgarfjarðarhreppi, verði kjördæmi út af fyrir sig og kjósi 1 alþingismann.

Norður-Múlasýsla, að undanskildum Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar- og Borgarfjarðarhreppi, verði kjördæmi út af fyrir sig og kjósi 1 alþingismann.